

Nd.

369. Frumvarp til laga

[27. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. marz.)

Samhljóða þskj. 27 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

205. gr. orðist svo:

Útgerðarmaður ber takmarkaða ábyrgð á þeim kröfum, sem hér verða taldar:

1. Bótakröfum vegna lífs- eða líkamstjóns manna, sem staddir eru á skipi til að fylgjast með því, og bótakröfum vegna tjóns á munum, sem í skipi eru.
2. Bótakröfum vegna tjóns á mönnum eða munum af völdum manna, sem á skipi eru.
3. Bótakröfum vegna tjóns á mönnum eða munum, þegar krafa á rót sína að rekja til siglingar skips eða starfrækslu, fermingar, affermingar eða flutnings á farmi eða flutnings á farþegum, skipgöngu þeirra eða landgöngu.
4. Bótakröfum vegna tjóns á hafnarmannvirkjum, skipakvímum eða siglingaleiðum.
5. Bótakröfum, sem rísa af skyldu til að fjarlægja skip eða muni í skipi, sem sokkið hefur, strandað eða verið yfirgefið.

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vanr. í þágu skips.

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur, sem rísa af yfirsjónum eða vanrækslu útgerðarmanns sjálfs, nema hann gegni jafnframt starfa á skipi sem skipstjóri eða skipverji og honum hafi orðið á yfirsjón eða vanræksla í því starfi.

Ef útgerðarmaður á gagnkröfu á hendur kröfuhafa, og báðar kröfurnar stafa af sama atburði, nær takmörkun ábyrgðar aðeins til þess hluta aðalkröfu, sem fer fram úr gagnkröfunni.